

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 24. september 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Karl Rúnar Þórsson. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á námi starfsmanna á leikskólum í Hafnarfirði (Mál 1 á fundi 21)

Lagt fram erindi frá Verkalýðsfélaginu Hlíf varðandi námskeið tveggja starfsmanna á leikskólum í Hafnarfirði. Einnig liggja fyrir fundi upplýsingar um námskeið og starfsheiti starfsmanna.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmennirnir eigi ekki rétt á 2% persónuálagi þar sem að nám þeirra nær ekki 150 kestim. Lágmarki samkvæmt reglum um framkvæmd gr. 10.2.1.

2. Mat á námi skólaliða

Lögð fram beiðni um mat á námi af Skrifstofubraut II og Frumgreinadeild. Starfsmaður starfar sem skólaliði.

Samþykkt að kalla eftir starfslýsingu starfsmanns. Máli frestað.

3. Mat á námi skólaliða

Lögð fram beiðni um mat á námi af Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré. Starfsmaður starfar sem skólaliði í 50% starfi.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 í starfi skólaliða.

4. Mat á námi starfsmanns í skóla með stuðning

Lögð fram beiðni um mat á námi af Íþróttá, tómstunda- og þroskaþjálfadeild í HÍ. Starfsmaður starfar í skóla með stuðning.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 þar sem námið tengist starfi viðkomandi starfsmanns.

5. Mat á námi starfsmanns í skóla með stuðning

Lögð fram beiðni um mat á námi í Þroskaþjálfafraeði í HÍ. Starfsmaður starfar í skóla með stuðning.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 þar sem námið tengist starfi viðkomandi starfsmanns.

6. Mat á námi deildarstjóra launadeildar II

Lögð fram beiðni um mat á uppsöfnuðu námi. Starfsmaður starfar sem deildarstjóri launadeildar II.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1

7. Mat á námi stuðningsfulltrúa (Mál 1 á fundi 19)

Lögð fram beiðni um mat á námi af félagsliðabraut-brú í Borgarholtsskóla. Starfsmaður starfar sem stuðningsfulltrúi og er með menntun fyrir stuðningsfulltrúa.

Máli frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur verður haldinn 8. október k. 9:30.